

Fimmtudaginn 19. febrúar 1998.

Nr. 435/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Þorkeli Guðfinnssyni

(Ragnar H. Hall hrl.)

Fjárdráttur. Umboðssvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arn-
ljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. októ-
ber 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af
hálfu ákærvalds og krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð og refsivist skilorðs-
bundin.

I.

Í I. kafla ákæru var ákærða gefið að sök að hafa í starfi spari-
sjóðsstjóra við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis árin 1991 til 1995
dregið sér samtals 6.419.097 krónur af fé sparisjóðsins og viðskipta-
manna hans. Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um aðra þætti í
þessum kafla ákæru en þá, sem varða töku ákærða á samtals
2.180.397 krónum úr sparisjóðsbókum nr. 400248 og 500126, sem
voru í eigu bræðranna Guðjóns og Sigmars Kristjánssona. Með vís-
un til forsendna héraðsdóms er fallist á niðurstöðu hans um, að
ákærði hafi dregið sér þetta fé bræðranna. Fyrir Hæstarétti krefst
ákærvaldið ekki endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um sýknu
ákærða af hluta sakargifta samkvæmt 3. lið I. kafla ákæru. Verður
niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu samkvæmt I. kafla
ákæru því staðfest.

II.

Eins og rakið er í héraðsdómi, mótmælir ákærði því að hafa gerst
sekur um umboðssvik, þegar hann veitti fyrir hönd Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis ábyrgð til tryggingar greiðslu skuldar sam-

kvæmt skuldabréfi, sem Skálar hf. gáfu út 26. apríl 1994, sbr. 1. lið II. kafla ákæru. Telur ákærði sig oft hafa veitt sambærilegar ábyrgðir fyrir hönd sparisjóðsins, án þess að það hafi sætt athugasemdom af hálfu stjórnar hans. Bendir ákærði einnig á, að annar þeirra manna, sem undirrituðu skuldabréfið fyrir hönd Skála hf., hafi átt sæti í stjórn sparisjóðsins, og hafi ekki borist í tal með ákærða og stjórnarmanninum, að nauðsynlegt væri að kalla saman fund í stjórn sjóðsins í því skyni að samþykkja veitingu ábyrgðarinnar.

Í yfirlýsingu stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 4. desember 1996 segir, að ákærði hafi ekki kynnt stjórnarmönnum, að hann hafi veitt ábyrgð þessa, og hafi hún því verið gefin út án vitundar eða samþykkis stjórnarinnar. Þess ber þó að gæta, svo sem áður segir og einnig er getið í héraðsdómi, að einn þeirra stjórnarmanna, sem rituðu undir yfirlýsinguna, skrifaði jafnframt fyrir hönd lántakandans undir skuldabréfið, sem bar með sér áritun ákærða um ábyrgðina.

Í framburði endurskoðanda sparisjóðsins fyrir héraðsdómi kom fram, að venja hefði verið að skrá ábyrgðir í fundargerðabækur sparisjóðsins, og hafi umrædd ábyrgð hvorki komið fram í ársreikningi fyrir árið 1994 né 1995. Þetta vitni bar og, að ákærði hefði haft ákveðnar reglur frá sjóðnum til að fara eftir í sambandi við ábyrgðir, sem veittar væru viðskiptavinum. Formaður stjórnar sparisjóðsins bar fyrir dómi, að „leitað sé til sparisjóðsstjóra um ábyrgðir, og hann beri það síðan undir stjórnina og hún afgreiði erindið“. Þetta vitni bar einnig, að endanleg ákvörðun um afgreiðslu ábyrgða hefði verið í höndum stjórnar sparisjóðsins.

Upplýsingar skortir um, hvort til hafi verið á þeim tíma, sem hér skiptir máli, skriflegar reglur eða munnleg fyrirmæli um umboð ákærða til að gangast undir ábyrgð í nafni sparisjóðsins. Þykir ekki nægilega sannað með ádurnefndum framburði endurskoðanda, að ákærði hafi haft ákveðnar reglur við að styðjast í því efni, en jafnvel þó að svo hefði verið, er alls óvíst, hvers efnis slíkar reglur hefðu verið. Gegn andmælum ákærða verður ekki talið nægilega sannað með framburði formanns stjórnar sparisjóðsins, að ákærði hafi ekki haft heimild til að veita ábyrgð af því tagi, sem hér um ræðir. Þá hefur ekkert verið leitt í ljós um venjur, sem kunna að hafa myndast um heimild sparisjóðsstjóra til að veita ábyrgðir.

Eftir framansögðu þykir varhugavert að telja sannað, að ákærða hafi ekki verið heimilt að skuldbinda sparisjóðinn með þeim hætti, sem lýst er í ákæru. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákærvaldsins samkvæmt 1. lið II. kafla ákæru.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að öðru leyti fallist á niðurstöðu hans um brot þau, sem greind eru í 2. og 3. lið II. kafla ákæru.

III.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess, að brot ákærða eru mörg og framin á löngum tíma, svo og þess, að hann leyndi brotum sínum með margháttuðum rangfærslum. Einnig verður að hafa í huga, að um er að ræða háar fjárhæðir, sem ákærði hefur ekki endurgreitt nema að litlu leyti. Loks verður fallist á með héraðsdómi, að refsingu verði að ákveða með hliðsjón af því, að ákærði gerðist sekur um stórfellda misnotkun á stöðu sinni sem sparisjóðstjóri og brot á trúnaði við stjórn sjóðsins og viðskiptamenn hans. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorkell Guðfinnsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1997.

Ár 1997, mánudag 22. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 525/1997: Ákærvaldið gegn Þorkeli Guðfinnssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júní sl., á hendur ákærða, Þorkeli Guðfinnssyni, Skagaseli 8, Reykjavík, kennitala 290550-7269.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind auðgunarbrot í starfi sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Þórshafnar árin 1991 til 1995.

I. Fjárdráttur.

1. Með því að hafa árin 1991 til 1995 dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu samtals 6.419.097 kr. af eignum sparisjóðsins og viðskiptamanna hans og leitast við að leyna fjádrætti sínum með rangfærslum í bókhaldi sparisjóðsins. Sundurliðast fjárhæðin sem hér greinir:

	Úttekið/Bókfært	Fjárhæð	
	Árið 1991:		
13. 12.	Sparisjóðsbók nr. 2470	kr. 25.000	
20. 12.	Lækkun vaxtatekna	– 174.809	
31. 12.	Lækkun vaxtatekna	– 166.500	kr. 366.309
	Árið 1992:		
27. 2.	Sparisjóðsbók nr. 400248	– 350.000	
11. 3.	Sparisjóðsbók nr. 400248	– 120.000	
27. 4.	Sparisjóðsbók nr. 400248	– 385.397	
10. 7.	Tékkareikn.LÍ nr. 76078	– 32.739	
23. 7.	Sparisjóðsbók nr. 2566	– 374.000	
11. 9.	Sparisjóðsbók nr. 500126	– 525.000	
1. 12.	Sparisjóðsbók nr. 2566	– 3.320	kr. 1.790.456
	Árið 1993:		
25. 1.	Sparisjóðsbók nr. 500126	kr. 800.000	
9. 3.	Reikn.Lánast.spsj. nr. 1129	– 15.000	
15. 3.	Tékkareikningur nr. 76078	– 25.000	
18. 3.	Tékkareikningur nr. 76078	– 30.000	
10. 11.	Vaxtagjöld	– 250.000	
11. 11.	Vaxtagjöld	– 300.000	
11. 11.	Lækkun vaxtatekna	– 165.522	
17. 12.	Lækkun vaxtatekna	– 186.000	
28. 12.	Vaxtagjöld	– 75.000	
28. 12.	Vaxtagjöld	– 161.025	kr. 2.007.547
	Árið 1994:		
18. 2.	Ófærð ábyrgðarþóknun	kr. 306.250	
11. 8.	Ófærð ábyrgðarþóknun	– 465.000	
25. 11.	Ófærð ábyrgðarþóknun	– 340.000	
29. 12.	Vaxtagjöld	– 129.879	
30. 12.	Vaxtagjöld	– 46.713	kr. 1.287.842

Árið 1995:				
24. 1.	Vaxtagjöld	kr.	163.147	
16. 2.	Lækkun tekna af gíróseðlum	–	99.000	
28. 2.	Ófærð ábyrgðarþóknun	–	101.595	
6. 4.	Reikn. nr. 700	–	140.000	
25. 7.	Gjafir	–	75.000	
31. 7.	Vaxtagjöld	–	388.201	kr. 966.943
				<u>Samtals kr. 6.419.097</u>

2. Með því að hafa dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu samtals 920.000 kr. af eftirgreindum reikningum, en það fé endurgreiddi ákærði síðar, sem hér greinir:

Af tékkareikningi sparisjóðsins í Landsbanka Íslands, Akureyri, nr. 76078:

- 3. 2. '92 200.000 kr., sem endurgreiddar voru 24. sama mánaðar.
- 8. 10. '92 300.000 kr., sem endurgreiddar voru 30. sama mánaðar.
- 13. 11. '92 250.000 kr., sem endurgreiddar voru 30. sama mánaðar.

Af sparisjóðsbókum í eigu viðskiptamanna sparisjóðsins:

- nr. 2692 17. 3. '95 90.000 kr., sem endurgreiddar voru 27. 12. '95.
- nr. 2683 21. 3. '95 80.000 kr., sem endurgreiddar voru 27. 12. '95.

3. Með því að hafa dregið sér og notað heimildarlaust 1.000.000 kr., sem hann tók út 28. 4. 1995, og 11.124.290 kr., sem hann tók út 31. 7. 1995 af verðtryggðum reikningi á nafni Lífeyrissjóðs Norðurlands, þar sem ákærði hafði 21. 4. 1995 fært sem innlán andvirði tveggja skammtímavíxla, sem lífeyrissjóðurinn hafði keypt af sparisjóðnum, í stað þess að bókfæra sem víxilskuldir sparisjóðsins. Fé þetta endurgreiddi ákærði 3. 8. 1995.

Brot samkvæmt I. kafla ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Umboðssvik:

1. Með því að hafa 26. apríl 1994 misnotað aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri til að skuldbinda sparisjóðinn heimildarlaust og án vitundar stjórnar sjóðsins sjálfskuldarábyrgð með áritun á skuldabréf útgerðarfélagssins Skála hf. til Fiskveiðasjóðs Íslands, út gefið 26. apríl 1994, að fjárhæð 23.000.000 kr. Ábyrgðin féll úr gildi 1. 12. '95, án þess að nokkrar kröfur yrðu gerðar á sparisjóðinn samkvæmt henni.

2. Með því að hafa tímabilið 3. 11. '94 til 2. 10. '95 misnotað aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri til að gefa út ellefu eftirgreinda tékka, samtals 9.521.600 kr., af reikningi sparisjóðsins nr. 1129 í Lánastofnun sparisjóðanna í því skyni að dylja fjárdrátt sinn í sparisjóðnum.

3. 11. '94	200.000 kr.	3. 8. '95	1.200.000 kr.
7. 12. '94	500.000 kr.	16. 8. '95	1.800.000 kr.
3. 1. '95	500.000 kr.	1. 9. '95	1.800.000 kr.
3. 1. '95	500.000 kr.	1. 10. '95	1.800.000 kr.
1. 2. '95	600.000 kr.	2. 10. '95	221.600 kr.
5. 7. '95	400.000 kr.		

3. Með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri til að veita í eigin þágu 11. október 1995, heimildarlaust og án nokkurra trygginga til sparisjóðsins, yfirdráttarheimild, að fjárhæð 3.500.000 kr., á tékkareikning nr. 197 í eigu viðskiptamanns sparisjóðsins og hafa millifært þá fjárhæð á eigin tékkareikning.

Teljast brot samkvæmt II. kafla varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Með bréfi Endurskoðunarmiðstöðvarinnar Coopers & Lybrand ehf. á Húsavík til stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, dagsettu 27. desember 1995, var henni skýrt frá því, að við endurskoðun hjá sjóðnum 5., 6. og 7. desember hefði vaknað grunur um misferli ákærða, Porkels Guðfinnssonar, í starfi, en hann var sparisjóðsstjóri. Þessi endurskoðun hafði leitt til þess, að ákærði sagði upp störfum, en endurskoðun hélt áfram og leiddi fljótlega til skoðunar á fleiri atríðum. Eru þau atríði síðan rakin í bréfinu, sem aðfinnsluverð þóttu, og misnotkun af hálfu ákærða á reikningum í sparisjóðnum svo og annað misferli af hans hálfu. Í lok bréfsins, sem undirritað er af Birni St. Haraldssyni, löggiltum endurskoðanda, segir, að ekki verði betur séð en ákærði hafi með mjög grófum hætti brotið starfsreglur sparisjóðsins, skráðar og óskráðar, svo og trúnað og traust í starfi sínu fyrir sparisjóðinn í umboði stjórnar hans. Eftir að áðurgreint bréf var ritað og síðan fund endurskoðandans með stjórn sparisjóðsins 28. desember 1995, fór fram frekari rannsókn í málinu, og er gerð grein fyrir niðurstöðum hennar í bréfi Björns endurskoðanda til stjórnar sparisjóðsins 14. febrúar 1996, en báðum bréfum Björns fylgdu ýtarlegar skýrslur um rannsóknina. Með bréfi lögmanns stjórnar sparisjóðsins voru skýrslurnar sendar ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 2. apríl 1996, og með bréfi hans til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 9. apríl 1996, var óskað rannsóknar á ætluðum auðgunarbrotum ákærða. Gögn um þá rannsókn voru send ríkissaksóknara með bréfi rannsóknarlögreglu, dagsettu 4. febrúar sl., og leiddi rannsóknin til þess, að ákærði er sóttur til saka fyrir þau tilvik, sem um getu í ákæru.

Ákærði hóf störf sem sparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis í ágúst 1987, og lauk störfum hans þar í byrjun desember 1995 vegna máls þessa. Ákærði segist hafa verið í fjárkröggum, á meðan hann var sparisjóðsstjóri, en hann var með börn í dýrum skóla, og megi segja, að hann og fjölskyldan hafi lifað um efni fram og vandamálin hlaðist upp.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða um einstök ákæruatriði.

I. 1.

Ákærði viðurkennir að hafa árið 1991 gerst sekur um fjárdrátt úr sparisjóðnum, að fjárhæð 366.309 krónur, en hins vegar sé fjárdrátturinn talinn í ákæru mun hærri árið 1992 en hann hafi í raun verið, og kannist hann aðeins við að hafa dregið sér 10. júlí þ. á. 32.739 krónur. Ákærði segir, að fjárdráttur framinn árið 1993 hafi verið 1.207.547 krónur, og kannast ákærði ekki við fjárdrátt 25. janúar, að fjárhæð 800.000 krónur. Ákærði viðurkennir að fullu þann fjárdrátt, að fjárhæð 1.287.842 krónur, sem honum er gefinn að sök árið 1994, svo og fjárdrátt árið 1995, að fjárhæð 966.943 krónur. Ákærði viðurkennir því samanlagðan fjárdrátt hjá Sparisjóði Þórshafnar árin 1991 til 1995 að fjárhæð 3.861.380 krónur.

Ákærði mótmælir því að hafa gerst sekur um fjárdrátt 27. febrúar 1992 á 350.000 krónum, 11. mars 1992 á 120.000 krónum og 27. apríl 1992 á 385.397 krónum, en þessar fjárhæðir voru allar teknar út af sparisjóðsbók nr. 400248 í sparisjóðnum, eign bræðranna Guðjóns og Sigmars Kristjánssona, sem báðir eru látnir. Segist ákærði hafa haft heimild eigendanna til að taka féð út, en það hafi verið hugsunarleysi að láta þá ekki skrifa sjálfa á úttektarseðlana. Kveðst ákærði að langmestu leyti hafa séð um fjármál þeirra bræðra, sem allt fram til dánardægurs voru vel meðvitaðir um það, sem þeir voru að gera, og kunnu skil á fjármálum sínum. Ákærði segir, að samskipti sín við bræðurna hafi staðið árum saman og hafist, þegar ákærði var fulltrúi hjá Kaupfélagi Langnesinga. Þá tekur ákærði sérstaklega fram, að seinni fjárhæðirnar tvær hafi verið afhentar eigendum reikninganna sjálfum, enda hafi ákærði annast fyrir þá margs konar stúss um fjölda ára. Segir ákærði, að reikningshafarnir hafi eins og aðrir fengið reglulega send yfirlit yfir bankainnstæður sínar og aldrei hreyft neinum athugasemdum vegna þeirra, þótt að sjálfsögðu kæmu þar fram allar hreyfingar á reikningnum. Voru yfirlitin send frá Reiknistofnun bankanna.

Ákærði kannast ekki við að hafa gerst sekur um fjárdrátt af sparisjóðsbók nr. 2566 23. júlí og 1. desember 1992, samtals 377.320 krónur. Ákærði segist ekki hafa tekið þetta fé í heimildarleysi, en reikningurinn var stofnaður í tengslum við sérstaka fyrirgreiðslu við Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. Segir ákærði, að framkvæmdastjóri félagsins, Grétar Friðriksson,

hafi sagt sér, löngu eftir að þau viðskipti voru frágengin, sem reikningurinn var stofnaður um, að ef eitthvað væri eftir inni á reikningnum vegna uppsafnaðra vaxta eða þess háttar, væri ekkert of mikið, þótt ákærði fengi það í sinn hlut fyrir að koma öllu því í kring, sem þarna hafði verið gert. Telur ákærði sig því hafa haft heimild til að nýta þetta fé í eigin þágu. Ákærði heldur fast við þennan framburð, þrátt fyrir það að ádurgreindur Grétar kannist ekki við, að hann sé réttur, en framburður Grétars verður rakinn síðar. Þá kveðst ákærði ekki kunna skýringu á því, hvers vegna hann skráir Sparisjóð Þórshafnar eiganda sparisjóðsbókar nr. 2566 á úttektarnótturnar 23. júlí og 1. desember 1992.

Um úttektir af sparisjóðsbók nr. 500126 11. september 1992 og 25. janúar 1993, í fyrra skiptið 525.000 og hið síðara 800.000 krónur, segir ákærði, að hann hafi haft heimild eigenda reikningsins til þessara úttekta og því ekki gerst sekur um lögbrot í þessu sambandi. Hafi um það verið rætt, þegar hann fór fram á síðari úttektina, að hann léti Lárus Gunnólfsson vita um hana, en það hafi hann ekki gert. Voru eigendur bókarinnar, bræðurnir Guðjón og Sigmar Kristjánssynir, búnir að ánafna Lárusi eigur sínar eftir sinn dag og vildu því láta hann vita um þetta. Ákærði vekur athygli á því eins og áður, að reikningshafarnir hafi eins og áður fengið send yfirlit um innstæður sínar og aldrei gert athugasemdir, en á yfirlitunum hafi komið fram allar hreyfingar á reikningi þeirra.

I. 2.

Ákærði kannast við að hafa notað í eigin þágu þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru sem fjádráttur af reikningi nr. 76078 í Landsbanka Íslands á Akureyri, samtals 750.000 krónur. Ákærði telur þó, að hér hafi verið um lántökur að ræða og í öllum tilvikum um mjög skamman tíma, og aldrei hafi annað staðið til af sinni hálfu en endurgreiða þessi lán. Það kveðst hann líka hafa gert í þessum tilvikum og ætíð fyrir lok sama mánaðar og lánin voru tekin. Þá vekur ákærði athygli á því í þessu sambandi, að hann hafi haft heimildir skv. lánareglum sparisjóðsins til að veita lán allt að 4% af eigin fé sjóðsins án þess að afla samþykkis stjórnar hans. Segir ákærði, að umræddar fjárhæðir séu langt innan þeirra marka, og hafi hann ekki gert sér grein fyrir því, þegar hann tók út af reikningnum umræddar fjárhæðir, að hann mætti það ekki og það væri andstætt einhverjum lögum eða reglum. Þá segir ákærði um sparisjóðsbækur í eigu viðskiptamanna sparisjóðsins, að hann viðurkenni að hafa tekið þær tvær fjárhæðir, að fjárhæð samtals 170.000 krónur, sem gerð er grein fyrir í þessum lið þessa kafla ákæru, en aldrei hafi annað staðið til en endurgreiða þær. Hafi ákærði því verið að taka fé þetta að láni og hafi endurgreitt það. Ákærði staðfestir, að umrædd-

ar bækur hafi báðar verið geymslufé í bankanum, handveðsbækur viðskiptamanna, og lántakan í þessum tilvikum verið án vitundar viðkomandi viðskiptamanna.

I. 3.

Ákærði segist sem sparisjóðsstjóri hafa leitað til Lífeyrissjóðs Norðurlands og falast eftir því, að sjóðurinn legði fé inn í sparisjóðinn. Þetta hafi komið til af því, að innlán vantaði í sjóðinn, þar sem mikið var sótt um lán úr honum. Mjög mikið fé rann frá Þórshafnarbúum í þennan lífeyrissjóð, og það var allt ávaxtað annars staðar. Fór ákærði fram á það við sjóðinn, að hann legði 11 milljónir inn í sparisjóðinn, og var þetta samþykkt, eftir að aðilar höfðu orðið ásáttir um hæfilega ávöxtun þessa fjár í sparisjóðnum. Jafnframt var samið um, hvenær lífeyrissjóðurinn ætti að fá þetta fé til baka og þá með umsömdum vöxtum. Í samræmi við þetta lét sparisjóðurinn lífeyrissjóðinn fá tvö skjöl, einhvers konar skuldaviðurkenningar, þar sem greiðsluskylda sparisjóðsins var viðurkennd miðað við tiltekinn dag. Telur ákærði því ekki rétt að tala um skammtímavíxla í þessu sambandi, eins og gert er í ákæru. Ákærði kveðst hafa lagt umrætt fé frá lífeyrissjóðnum inn á bankareikning, sem hann stofnaði í þessu skyni á nafni lífeyrissjóðsins. Ákærði kveðst hins vegar hafa fengið bakþanka út af þessu strax á eftir, því að lífeyrissjóðurinn hefði ekki lengur átt þetta fé, heldur hefði hann verið kominn með sérstaka skuldaviðurkenningu á móti því. Ákærði kveðst hafa tekið án heimildar lán af þessum reikningi 28. apríl 1995, eina milljón króna. Afgang innstæðunnar á reikningnum tók ákærði út 31. júlí s. á. og lagði inn á eigin bankareikning þá fjárhæð, sem tilgreind er í ákæru, 11.124.290 krónur. Hafi það eingöngu verið gert vegna hinnar röngu nafnskráningar á bókinni, sem hefði að réttu lagi aldrei átt að vera á nafni lífeyrissjóðsins. Ákærði eyðilagði því bókina með því að taka fé út af henni og greiddi lífeyrissjóðnum það, sem hann átti að fá skv. umræddum skuldaviðurkenningum örfáum dögum síðar. Ákærði man ekki, hvort féð var inni á reikningi sínum yfir helgi eða hvernig á því stóð, að þetta var ekki gert samdægurs. Ákærði heldur því fram, að ekkert af þessu fé hafi verið notað í eigin þágu. Hann vill því ekki viðurkenna, að meðferð sín á því hafi verið fjárdráttur, en ekki kann hann skýringu á því, hvers vegna þessi fjárhæð fór inn á reikning hans í örfáa daga.

II. 1.

Ákærði mótmælir því að hafa gerst sekur um umboðssvik, þegar hann veitti ábyrgð til tryggingar skuldabréfi Skála hf., að fjárhæð 23.000.000 króna. Segir ákærði, að mjög brýnt hafi verið að taka afstöðu til þessarar beiðni, þegar hún kom fram, og engin tók á að kalla saman stjórnarfund

vegna hennar. Segir ákærði mörg sambærileg tilvik hafa orðið áður og aldrei orðið nein rekistefna af þeim sökum. Í þessu tilviki voru Skálar hf. að fjárfesta í loðnukvóta, og kom framkvæmdastjóri félagsins, Hilmar Þór Hilmarsson, með erindið til ákærða, en Hilmar átti sjálfur sæti í stjórn sjóðsins og mun eiga enn. Segir ákærði, að Hilmari hafi ekki einu sinni dottið það í hug sjálfum, að nauðsynlegt væri að kalla saman stjórnarfund vegna málsins og það hreinlega ekki borist í tal. Ákærði vekur athygli á því, að þetta hafi verið algjörlega áhættulaust fyrir sjóðinn og í honum hafi legið fyrir tryggingar frá Skálum hf., þegar ábyrgðin var veitt. Ákærði segir það hafa komið fyrir tvisvar árið 1994 frekar en 1995, að veittar voru ábyrgðir, hvor um sig að fjárhæð 3.000.000 króna, vegna bátakaupa og samþykkis sparisjóðsstjórnar leitað þó nokkru síðar.

II. 2.

Ákærði viðurkennir að hafa gefið út þá ellefu tékka, að fjárhæð samtals 9.521.600 krónur, sem gerð er grein fyrir í þessum lið þessa kafla ákæru. Þá kannast ákærði við að hafa notað féð í eigin þágu, en í öllum þessum tilvikum hafi féð verið endurgreitt innan örfárra daga. Telur ákærði því, að um hafi verið að ræða í öllum þessum tilvikum lántökur af sinni hálfu, án þess að samþykkis fyrir þeim væri aflað áður. Ákærði vekur athygli á því, að í ákæru sé talað um, að með útgáfu tékkanna hafi hann verið að dylja fjárdrátt sinn í sparisjóðnum. Finnst honum því, að hér sé verið að ákæra sig tvisvar fyrir sama hlut, annars vegar fyrir fjárdrátt og hins vegar fyrir umboðssvik.

II. 3.

Ákærði telur sig hafa haft fulla heimild til að veita Gísla Óskarssyni lán, en lánveitingin hafi verið langt innan þeirra heimilda, sem ákærði hafi haft til að lána án afskipta eða samþykkis annarra. Segir ákærði, að sparisjóðnum hafi ekkert komið við, eftir að lánið var veitt, hvernig það var notað. Í þessu tilviki hafi lántakandi samþykkt að lána ákærða þetta fé. Þessari fyrirgreiðslu hafi ekki fylgt nein sérstök áhætta fyrir sparisjóðinn, og hann hafi engar reglur brotið í því sambandi.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna.

Vitnið Björn Steindór Haraldsson, Uppsálavegi 23 á Húsavík, segir, að það, sem hafi vakið grunsemdir þess um misferli af hálfu ákærða, hafi verið misnotkun ákærða á tékkareikningi nr. 1129 og reikningi nr. 76078. Vitnið telur, að það hafi byrjað afskipti af endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar í tíð forvera ákærða, líklega rétt fyrir 1985. Segir vitnið, að ábyrgðin til Skála hf. hafi ekki komið fram í ársreikningi sparisjóðsins fyrir árin 1994 og 1995, en venjan hafi verið sú, að ábyrgðir væru skráðar í fundargerðabækur stjórnar

sparisjóðsins. Vitnið las bækurnar yfir til að kanna, hvaða ábyrgðir hefðu verið veittar, og kannaði síðan, hvort þóknun fyrir þær hefði skilað sér sem tekjur. Um hver áramót hafi fylgt með í handriti frá sparisjóðsstjóra skrá yfir gildandi ábyrgðir, og þá er það hluti af mánaðarskýrslum til Seðlabankans að geta um þær. Ákærði hafi haft ákveðnar reglur frá sparisjóðnum að fara eftir við lánaþyrngreiðslur og ábyrgðir gagnvart einstökum viðskiptavinum sjóðsins, og hafi það ekki samrýmt þessum reglum, að ákærði veitti yfirdráttarheimildina á tékkareikningi nr. 197 í sparisjóðnum. Bar honum að bera þetta undir stjórn sjóðsins. Segir vitnið þetta atríði hafa verið dregið fram við endurskoðunina, þar sem sjá mátti, að um var að ræða fyrirgreiðslu til sparisjóðsstjórans, en ekki eiganda reiknings nr. 197. Kveðst vitnið hafa á fundi með ákærða 4. janúar 1996 leitað skýringa hans á 800.000 króna úttektinni 25. janúar 1993, en ekki fengið. Vitnið man ekki, hversu háa prósentu sparisjóðsstjórinn mátti lána miðað við eigið fé sparisjóðsins, en staðfestir, að vera megi, að það hafi verið nálægt 4%. Telur vitnið, að eigið fé sparisjóðsins hafi árið 1995 verið um 80.000.000 króna, en jafnvel ekki nema 60.000.000 kr. árin á undan og jafnvel minna. Telur vitnið eigið fé sparisjóðsins hafa verið í árslok 1995 um 98.000.000 króna. Vitnið kveðst ekki hafa kannað, hvort fjallað hafi verið um ábyrgðirnar hjá stjórninni, áður en þær voru veittar, eða á eftir.

Vitnið Kristín Kristjánsdóttir, Syðri-Brekkum á Langanesi, er formaður stjórnar sparisjóðsins og hefur verið það frá því í apríl 1995, en setið samfellt í stjórninni frá 1987. Segir vitnið, að leitað sé til sparisjóðsstjóra um ábyrgðir og hann beri það síðan undir stjórnina og hún afgreiði erindið. Sé það hlutverk sparisjóðsstjórans að láta stjórninni í té allar upplýsingar um erindi af þessu tagi, en endanleg ákvörðun um afgreiðslu þeirra sé í höndum stjórnarinnar.

Vitnið staðfestir, að rétt sé sú yfirlýsing frá stjórn sparisjóðsins, dags. 4. desember 1996, sem frammi liggur í málinu, að ekki hafi verið leitað til hennar um heimild til ábyrgðar af hálfu sparisjóðsins á skuldabréfi Skála hf. til fiskveiðasjóðs. Vitnið staðfestir einnig, að Hilmar P. Hilmarsson sé í stjórn sparisjóðsins og hafi skrifað undir skuldabréfið vegna Skála hf. Telur vitnið, að það hefði bent ákærða á það, ef hann hefði farið fram á það við stjórnina að fá yfirdráttarheimild á reikning sinn, að eðlilegra væri að fá slíka fyrirgreiðslu annars staðar. Hins vegar neitar vitnið ekki, að ákærði kynni að hafa fengið slíka fyrirgreiðslu. Vitnið kveður það ekki samrýmast reglum sjóðsins að veita viðskiptavini 3.500.000 króna yfirdráttarheimild án trygginga. Kveðst vitnið geta staðfest, að ákærði hafi verið góður bræðrunum Guðjóni og Sigmari og þeim innan handar og heimsótt þá oft, og hafi

þeir bræður báðir haldið fullri andlegri heilsu fram á síðasta dag, eða ekki veit vitnið betur.

Vitnið segir ákærða hafa haft þann hátt á að kynna vitninu sem stjórnarformanni og jafnvel stjórnarmönnum erindi, sem síðar voru borin upp til formlegrar samþykktar í stjórninni. Vitnið man ekki eftir neinu einstöku máli, þar sem borið hafi verið upp til samþykktar erindi í stjórninni, sem búið var að afgreiða áður af sparisjóðsstjóra. Vitnið getur ekki svarað því, hvort samþykktar hafi verið í stjórninni árið 1994 ábyrgðir, sem búið var að veita.

Vitnið Lárus Gunnólfsson, Heiðarvegi 41 í Vestmannaeyjum, er frændi bræðranna Guðjóns og Sigmars Kristjánssona, en þó ekki nátengdur þeim. Var vitnið í sveit hjá þeim á sínum tíma og bast þeim miklum vinarböndum. Heimsótti vitnið þá flest sumur og ræddi oft við þá í síma, en þeir bræður gerðu vitnið að einkaerfingja sínum með erfðaskrá, sem þeir kynntu vitninu, að það minnir, árið 1992, en ekki þorir vitnið að fullyrða ártalið. Ekki kom fram hjá þeim bræðrum, hvað þeir ættu í peningum, þegar þeir voru að gera erfðaskrá, og vissi vitnið það eitt, að þeir áttu jörð og hús á henni. Vitnið telur, að þeir bræður hafi verið andlega heilir á þeim tíma, þegar þeir gerðu erfðaskrána, og allt fram að dánardægi. Ekki segir vitnið þá bræður hafa rætt neitt við sig um samskipti sín við ákærða, en vitnið þekkir hann. Eftir andlát þeirra bræðra hafi ákærði sagt því, að hann hefði tekið einu sinni út af bankabók þeirra bræðra. Minnir vitnið, að ákærði hafi talað um 800.000 krónur. Ekki man vitnið, hvort ákærði sagði þetta lán eða gjöf. Ekki minntist hann á fleiri tilvik. Vitnið minnst þess ekki, að bræðurnir hafi fyrir andlát sitt sagt frá því, að þeir hefðu gefið eða lánað ákærða fé eða leyft honum að taka út af bankabókum sínum.

Vitnið Gísli Óskarsson, Hæðargarði 19 a í Reykjavík, bjó um árabíl á Þórshöfn á Langanesi og kynntist þar ákærða. Vitnið hafði tékkareikning nr. 197 í sparisjóðnum og hefur enn. Segir vitnið, að ákærði hafi haft samband við það símleiðis, er það var statt á Þórshöfn, og farið þess á leit að fá að gera millifærslur á reikningi vitnisins, og kæmi yfirdráttarheimild inn á reikninginn á móti. Vitnið samþykkti þetta. Ekki gaf ákærði neinar skýringar á beiðni sinni, og ekki spurði vitnið um þær. Vitnið kveðst hafa gefið ákærða lausan tauminn með allt í sambandi við þetta mál, og í sparisjóðnum hafi legið fyrir óútfylltur tryggingarvígill um fjárhæð frá vitninu, en samþykktur.

Vitnið Grétar Þór Friðriksson, Daltúni 4 í Kópavogi, var framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga hf. á Þórshöfn frá því í júní 1983 til desember 1989 og leysti af sem slíkur í tvær vikur í ársbyrjun 1990. Vitnið

kveðst ekki hafa haft nein afskipti af fjármálum fyrirtækisins, eftir að starfi þess lauk hjá því, og kannast ekki við að hafa gefið ákærða leyfi til að fénýta sér innstæðu á sparisjóðsbók fyrirtækisins nr. 2566 við sparisjóðinn á Þórshöfn, en um er að ræða úttektir 23. júlí og 1. desember 1992. Vitnið þvertekur fyrir, að það hafi gefið ákærða slíkt leyfi, á meðan það var enn við stjórn fyrirtækisins. Vitnið hefur heyrt framburð ákærða um samskipti þeirra vegna umræddrar sparisjóðsbókar og kannast ekki við, að þau hafi nokkur verið.

Niðurstöður.

I. 1.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að allt það fé, sem gerð er grein fyrir í þessum lið þessa kafla ákæru, 6.419.097 krónur, tók ákærði sjálfur út, og sjálfur hefur hann viðurkennt fjárdrátt, að fjárhæð samtals 3.861.380 krónur, af þeirri fjárhæð. Ákærði heldur því fram, að úttektirnar þrjár af sparisjóðsbók nr. 400248, 350.000 krónur, 120.000 krónur og 385.397 krónur, hafi verið honum heimilar, eins og ákærði hefur nánar greint frá, og hafi tvær síðari fjárhæðirnar verið afhentar eigendum bókarinnar. Fyrstgreindu fjárhæðinni ráðstafaði ákærði til þess að gera upp fyrir fram greidd laun sín, á úttektarseðli hinnar næstu stendur „Afh. þeim“, og síðastgreindu úttektina notaði ákærði til þess að greiða tékka, út gefinn á Lánastofnun sparisjóðanna, en sá tékki hafði verið notaður til að gera upp fyrir fram greidd laun ákærða. Ákærði tók sem sparisjóðsstjóri út af sparisjóðsbók viðskiptavina sparisjóðsins í öllum þessum tilvikum háar fjárhæðir, sem a. m. k. tvær gengu til þarfa hans sjálfs. Hann hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi haft heimild til þessa, hvorki skriflega né munnlega, og sannar áritunin, sem áður greinir, ekki, að ákærði hafi afhent eigendunum peningana. Þá hefur ákærði ekki sannað heimild sína til þess að taka út af sparisjóðsbók nr. 500126 þær tvær fjárhæðir, 525.000 krónur og 800.000 krónur, sem honum er gefið að sök að hafa dregið sér. Sannar það ekkert um vitneskju bræðranna um úttektirnar fimm, þó að þeim hafi verið send yfirlit yfir reikningana, og ósannað, að þau hafi komist í þeirra hendur eða þeir kynnt sér þau. Verður ákærði því sakfelldur fyrir að hafa með þessum fimm fjártökum gerst sekur um fjárdrátt.

Með játningu ákærða og öðru, sem fram er komið, er sannað, að ákærði tók tvívegis út úr sparisjóðsbók nr. 2566, samtals 377.320 krónur. Jafnframt skráði hann bókina sem eign Sparisjóðs Þórshafnar og hefur enga skýringu getað gefið á þeirri gerð sinni. Vitnið Grétar Þór kannast ekki við að hafa

gefið ákærða heimild til þess að eiga innstæðu bókarinnar, og ekki hefur ákærði sannað þessa heimild sína með öðrum hætti. Teljast þessar tvær fjártökur úr bók 2566 því fjárdráttur af hálfu ákærða. Samkvæmt framansögðu verður ákærði því sakfelldur fyrir fjárdrátt með öllum þeim fjártökum, sem um ræðir í I. kafla, lið 1, í ákæru, og að hafa reynt að leyna honum með rangfærslum í bókhaldi, en ekki er ákært sérstaklega fyrir það brot með heimfærslu til viðeigandi ákvæða í lögum. Fjárdrátturinn varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

I. 2.

Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann tók og notaði heimildarlaust þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í þessum kafla ákæru, annars vegar samtals 750.000 krónur og hins vegar 170.000 krónur. Ákærði heldur því fram, að hér hafi ekki verið um fjárdrátt að ræða, heldur lántöku og hann endurgreitt féð. Ljóst er, að ákærði hafði enga heimild til þess að taka framangreint fé að láni, og breytir engu, þótt hann hafi endurgreitt það. Verður ákærði því sakfelldur fyrir fjárdrátt með þessum fjártökum og notkun sína á fénu í eigin þágu. Er það brot á 247. gr. almennra hegningarlaga.

I. 3.

Ákærði hefur viðurkennt þær tvær fjártökur, sem um er fjallað í þessum lið þessa kafla ákæru, 1.000.000 króna, sem hann hafi tekið án heimildar að láni, og 11.124.290 krónur, sem hann hafi lagt inn á eigin bankareikning í nokkra daga. Með hliðsjón af skýringum ákærða á færslu 11.124.290 króna yfir á eigin reikning í fáa daga þykir eftir atvikum, þar sem ákærði hafði ekki notað féð, rétt að taka til greina skýringar hans og sýkna hann af því að hafa dregið sér þetta fé, enda þótt það hafi farið inn í reikning á nafni hans. Hins vegar hafði ákærði enga heimild til að taka áðurgreinda 1.000.000 króna að láni, og telst sú fjártaka ákærða fjárdráttur og brot á 247. gr. almennra hegningarlaga.

II. 1.

Sannað er með játningu ákærða, að ákærði veitti ábyrgð þá, að fjárhæð 23.000.000 króna, sem um ræðir í þessum lið þessa kafla ákæru, án heimildar og vitundar stjórnar sparisjóðsins, enda þótt einum stjórnarmanni hljóti að hafa verið kunnugt um ábyrgðina, þótt hann ritaði undir yfirlýsingu sjóðsstjórnarinnar, að sér hefði ekki verið hún kunn. En sannað er með framburði endurskoðanda og stjórnarformanns sparisjóðsins, að samþykkis stjórnarinnar þurfti með. Þetta vefengir ákærði ekki, en bendir á, að fyrir hafi komið, að samþykkis væri leitað eftir á. Ekki verður séð, að ákærði hafi gert það í þessu tilviki, og lét hann auk þess þóknun fyrir ábyrgðar-

veitinguna renna til sjálfs sín. Með því að veita ábyrgðina heimildarlaust framdi ákærði umboðssvik, og varða þau við 249. gr. almennra hegningarlaga.

II. 2.

Sannað er með játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið, að ákærði gaf út áðurgreinda ellefu tékka, að fjárhæð 9.521.600 krónur, á reikning nr. 1129 í Lánastofnun sparisjóðanna og notaði féð í eigin þágu. Hann telur þó, að í öllum þessum tilvikum hafi verið um lántökur að ræða, án þess að samþykkis væri aflað fyrir þeim áður, og að í öllum tilvikum hafi féð verið endurgreitt innan örfárra daga. Ákærði hafði enga heimild til að taka féð út og nota í eigin þágu. Skiptir í því sambandi engu, þótt það hafi verið greitt innan örfárra daga. Telst þessi háttsemi ákærða því vera umboðssvik, og varða þau við 249. gr. almennra hegningarlaga.

II. 3.

Ákærði mótmælir þessum lið þessa kafla ákæru og telur sig hafa haft fulla heimild til að veita Gísla yfirdráttarheimildina. Hafi sparisjóðnum ekkert komið við, eftir að lánið var veitt, hvernig það var notað. Ljóst er, að ákærði var með því að veita Gísla yfirdráttarheimild, sem ákærði naut sjálfur að öllu leyti, og að veita sjálfum sér heimildarlaust lán hjá sparisjóðnum án þess að vera lántakandi sjálfur. Vitnið Gísli segir, að samþykktur, en óútfylltur tryggingarvígill hafi legið í sparisjóðnum frá honum. Þetta hefur ekki verið rannsakað, og er því ósannað, að umrædd yfirdráttarheimild á reikning Gísla hafi verið án nokkurra trygginga. Verður ákærði því sýknaður af því að hafa veitt yfirdráttarheimildina án trygginga. Hins vegar er sannað, að ákærði hefur með framangreindri ráðstöfun sinni á yfirdráttarheimild til Gísla verið að veita sjálfum sér lán, og er slíkt misnotkun á aðstöðu sem sparisjóðsstjóri. Varðar þetta brot ákærða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða verður ákveðin annars vegar með hliðsjón af því, að brot hans eru mörg, framin með leynd á löngum tíma og að um er að ræða háar fjárhæðir, sem ekki hafa allar verið greiddar til baka. Þá verður að telja brot ákærða grófa misnotkun ákærða á starfsaðstöðu sinni og brot á trúnaði og trausti stjórnar sparisjóðsins og viðskiptavina hans. Hins vegar er til þess að líta, að rannsókn málsins hefur tekið óþarfliga langan tíma og að ákærði hefur ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði, sem þykir vegna alvarleika brotanna og umfangs þeirra ekki fært að skilorðsbinda að neinu leyti.

Loks ber samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra

mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 170.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmans, og 140.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Sigríður Jósefsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorkell Guðfinnsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 170.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmans, og 140.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
